

## **M-11/2013 Álit 17. september 2013**

### **Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 17. september 2013 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-11/2013:

#### **I**

##### **Álitaefni og kröfugerð**

Hinn 23. janúar sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann telur vera á bifreið, sem hann keypti á uppboði af Y, hér eftir einnig nefnt seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess að seljandi greiði kostnað vegna viðgerðar á bifreiðinni.

#### **II**

##### **Málsmeðferð kærunefndarinnar**

Með bréfi, dags. 24. janúar sl., gaf kærunefndin seljanda kost á andsvörum og bárust þau hinn 6. febrúar. Með bréfi, dags. 12. febrúar, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og bárust þær hinn 18. febrúar. Með bréfi, dags. 21. febrúar, var seljanda gefinn kostur á að koma að frekari andsvörum og bárust þau hinn 6. mars. Með bréfi, dags. 19. mars, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að koma að frekari athugasemdum og bárust þær hinn 20. mars. Með bréfi, dags. 26. mars var seljanda gefinn kostur á að koma að enn frekari andsvörum og frest til þess til 9. apríl. Engin frekari gögn bárust nefndinni.

#### **III**

##### **Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda**

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu kemur fram að hinn 9. nóvember 2012 keypti álitsbeiðandi bifreiðina xx-000 af seljanda fyrir kr. 3.601.000. Var bifreiðinni af gerðinni Audi Q7, árgerð 2006 og hafði á kaupdegi verið ekið 83.687 km.

Segir álitsbeiðandi að strax daginn eftir að bifreiðin var keypt hafi stjórnskjárinn í henni ekki virkað. Skjárinn hafi reyndar virkað öðru hvoru eftir þetta, en að mestu verið ónothæfur. Segir álitsbeiðandi að hann hafi ekki haft nokkurn möguleika á að taka eftir þessu við skoðun á bifreiðinni og telur ólíklegt að á þeim tæpa sólarhring sem leið frá því hann fékk bifreiðina afhenta og þar til skjárinn hætti að virka hafi hann gert eitthvað sem olli því að skjárinn bilaði. Kveðst álitsbeiðandi hafa óskað eftir því við seljanda að hann léti lagfæra skjáinn. Illa hafi gengið að fá svör frá seljanda, en fyrir rest óskaði seljandi þó eftir því að álitsbeiðandi léti skoða skjáinn á verkstæði umboðsaðila Audi. Segist álitsbeiðandi hafa gert það og að í skoðuninni hafi komið í ljós að skjárinn væri ónýtur og að kostnaður við að skipta um skjá yrði kr. 425.584. Næst segist álitsbeiðandi hafa reynt að fá svör frá seljanda um hvort hann myndi taka þátt í þeim kostnaði. Fyrir rest hafi seljandi síðan hafnað því að taka þátt í kostnaði vegna mögulegra galla á bifreiðinni.

Álitsbeiðandi telur að um leyndan galla sé að ræða og krefst þess að seljandi greiði fyrir nýjan skjá og ísetningu á honum, samtals kr. 250.000.

Meðfylgjandi álitsbeiðni er sölulýsing bifreiðarinnar, tölvupóstsamskipti álitsbeiðanda og seljanda, kaupsamningur og afsal, dags. 9. nóvember 2012, yfirlit yfir feril bifreiðarinnar frá ökutækjaskrá Umferðarstofu og reikningur frá Heklu hf., dags. 4. janúar sl., þar sem m.a. kemur fram kostnaður við nýjan skjá og ísetningu hans.

#### **IV**

## **Andsvör seljanda**

Í andsvörum seljanda er það rakið að álitsbeiðandi fari fram á að seljandi greiði kr. 250.000 vegna meintra galla á bifreiðinni xx-000, sem álitsbeiðandi hafi keypt af seljanda fyrir milligöngu Z hinn 9. nóvember sl.

Fram kemur að seljandi hafi eignast umrædda bifreið til fullnustu á áhvílandi láni sem var í vanskilum. Eins og með aðrar bifreiðir sem seljandi eignist í kjölfar fullnustuaðgerða hafi bifreiðin verið yfirfarin af bifreiðaskoðun. Við þá skoðun hafi komið í ljós að ýmislegt þarfnaðist úrbóta og var ákveðið að selja bifreiðina hjá Z í stað þess að setja hana á sölu á hefðbundinni bifreiðasölu, en Z sé vettvangur fyrir sölu á ökutækjum sem iðulega þarfnist lagfæringa, s.s. tjónabílar og önnur ökutæki í misjöfnu ástandi.

Seljandi tekur fram að í sölulýsingu Z, eftirfarandi fram: „[Seljandi] selur bílinn eins og hann er og tekur enga ábyrgð á mögulegum göllum, bilunum eða búnaði sem mögulega hefur verið fjarlægður úr bílnum. Vinsamlegast hafið það í huga þegar boðið er í bílinn.“ Þá bendir seljandi á að auk þessa séu talin upp nokkur atriði sem hafi verið í ólagi við ástandsskoðun bifreiðarinnar, en jafnframt tekið skýrt fram að sú skoðun „[þurfi] ekki að vera tæmandi“. Í lýsingu Z komi einnig fram að hægt hafi verið að skoða bifreiðina hjá þeim en í lýsingunni sagði jafnframt: „Það er áriðandi að [kaupendur] skoði uppboðsmuni áður en boð eru gerð þar sem myndir geta ekki lýst fullkomlega ástandi bifreiðar eða tjóni á bifreið ef um slíkt er að ræða.“

Næst rekur seljandi að í afsali milli seljanda og kaupanda sé tekið fram að bifreiðin seljist í „núverandi ástandi, sem kaupandi hefur kynnt sér og sætt sig við að öllu leyti“. Vísar álitsbeiðandi í skoðunarskyldu kaupanda samkvæmt kaupalögum og að kaupandi geti ekki borið fyrir sig galla sem hann hefði átt að sjá við skoðun. Einnig er tekið fram að bifreiðin sé af árgerðinni 2006 og miðað við upplýsingar á lýsingu bifreiðarinnar hjá Z sé ljóst að ákveðin áhætta felist í því að kaupa bifreið með umræddum hætti. Að lokum bendir seljandi á að markaðsvirði sambærilegra bifreiða á bílasölum sé um 4,6 til 4,8 m.kr. Bifreiðin hafi verið seld fyrir kr. 3.601.000 og að það söluverð endurspegli ástand hennar. Með vísan til ofangreinds hafnar seljandi því öllum kröfum álitsbeiðanda.

## **V**

### **Athugasemdir álitsbeiðanda við andsvör seljanda**

Í athugasemdum álitsbeiðanda við andsvör seljanda kemur fram að bifreiðin hafi verið í töluvert verra ástandi en ætla mætti við ýtarlega ástandsskoðun. Kostnaður vegna endurbóta á bifreiðinni sé nú kominn í kr. 1.017.392 sem geri heildarkostnað við bifreiðina væntanlega nokkuð hærri en staðgreiðsluverð fyrir sambærilegar bifreiðar. Innifalið í þessum kostnaði séu ýmis atriði sem ekki hafi verið mögulegt að sjá við ástandsskoðun. Þó sé álitsbeiðandi aðeins að fara fram á að seljandi greiði kostnað vegna áðurnefnds skjás.

## **VI**

### **Frekari andsvör seljanda**

Í frekari andsvörum seljanda er bent á að ýmissa þeirra galla sem álitsbeiðandi tiltók athugasemdum sínum hefði mátt vænta miðað við ástandslýsingu bifreiðarinnar. Jafnframt er hnykk á því að ástand bifreiðarinnar hafi verið ástæða þess að hún var seld á tjónauppboði, en ekki á almennri bifreiðasölu.

## **VII**

### **Enn frekari athugasemdir álitsbeiðanda**

Í enn frekari athugasemdum álitsbeiðanda er komið að nokkrum atriðum er varða aðra galla en kröfugerð álitsbeiðanda nær til. Er því ekki tilefni til að rekja frekar efni

athugasemdanna utan þess að álitsbeiðandi hafnar þeim skilningi seljanda að aðeins tjónabifreiðar séu boðnar upp hjá Z.

## VIII

### Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir nr. 48/2003 um neytendakaup.

Við afgreiðslu málsins hefur kærunefndin leitað aðstoðar sérfræðings, sbr. heimild í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

Eins og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi bifreiðina xx-000 hinn 9. nóvember 2012 fyrir kr. 3.601.000. Bifreiðin er árgerð 2006 og fyrsti skráningardagur hennar 1. janúar 2006 samkvæmt ökutækjaskrá.

Bifreiðin var því rúmlega 6 ára og 10 mánaða á kaupdegi og hafði verið ekið 83.687 km. Þegar kaupin fóru fram samkvæmt því sem kemur fram í kaupsamningi og afsali.

Í kaupsamningi og afsali fyrir umþrætti bifreið, dags. 9. nóvember 2012, segir m.a. eftirfarandi:

„Bifreiðin er tjónuð, selst í núverandi ástandi, sem kaupandi hefur kynnt sér og sætt sig við að öllu leyti. Kaupanda hefur verið bent á 47. gr. kaupalaga frá 1992 um skoðunarskyldu kaupanda og 5. gr. laga um sölu notaðra ökutækja 69/1994 og 20/1997 ásamt lögum um lausafjárkaup nr. 50 frá 16. maí 2000.“

Samkvæmt þessum ákvæðum kaupsamningsins falla kaupin á bifreið álitsbeiðanda undir 17. gr. neytendakaupalaga sem nær til sölu hlutar „í því ástandi sem hann er“ og sölu hluta á uppboði. Sala á notuðum hlutum fellur því alla jafna undir þessi lagaákvæði. Í 1. mgr. 17. gr. segir m.a.:

„Þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekktum fyrirvara telst hann gallaður þegar:

- a. ástand söluhlutar er verra en neytandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti;
- b. fyrir liggja atvik sem lýst er í b- eða c-lið 1. mgr. 16. gr.“

Í 1. mgr. 16. gr. sem vísað er til í 17. gr. segir m.a. að söluhlutur teljist vera gallaður ef ákveðin atvik eða aðstæður eru fyrir hendi. Liðir b og c hljóða svo:

- „b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði varðandi hlutinn eða not hans sem seljandi hlaut að þekkja til og neytandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin
- c. hann [söluhluturinn] svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur við markaðssetningu eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun nema seljandi sýni fram á að réttar upplýsingar hafi verið gefnar neytanda við kaupin eða að upplýsingarnar hafi ekki haft áhrif á kaupin.“

Þá segir enn fremur í 3. mgr. 16. gr. neytendakaupalaga að neytandi geti ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð. Í framangreindum ákvæðum er kveðið á um upplýsingaskyldu seljanda og skoðunarskyldu kaupanda auk þess sem í a- lið 1. mgr. 17. gr. er kveðið á um það að söluhlutur sé gallaður þegar ástand hans er til muna verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð

og atvik að öðru leyti. Að mati kærunefndarinnar voru þeir fyrirvara sem seljandi gerði við sölulýsingu til þess fallnir að auka verulega á áðurnefnda skoðunarskyldu kaupanda.

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að fátt bendi til þess að bifreiðin svaraði ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hafði gefið um hana, sbr. c-lið 1. mgr. 16. gr. Verður því ekki litið svo á að galli hafi verið til staðar á þeim grundvelli. Telur nefndin jafnframt vandséð að seljandi hafi vanrækt að gefa upplýsingar um atriði sem verulegu máli skiptu um bifreiðina, sbr. b-lið 1. mgr. 16. gr. laganna.

Í kaupsamningi og afsali kemur fram að álitsbeiðandi staðfestir að seljandi hafi vakið athygli hans á því að láta óháðan aðila meta ástand ökutækisins. Ekkert kemur fram í skjölum málsins að álitsbeiðandi hafi gert það þó álitsbeiðandi fullyrði að hann hafi skoðað bifreiðina ýtarlega. Er það mat kærunefndarinnar, þegar tekið er tillit til áðurnefndra fyrirvara í sölulýsingu bifreiðarinnar sem raktir voru í andsvörum seljanda, að álitsbeiðanda hefði mátt vera ljóst að bifreiðin væri í töluvert slæmu ásigkomulagi við kaupin. Hefði það átt að kalla á þau viðbrögð seljanda að láta fagaðila gera ítarlega skoðun á bifreiðinni fyrir kaupin til að ganga úr skugga um að bifreiðin væri ekki haldin frekari göllum en seljanda var kunnugt um og fram komu í sölulýsingu.

Að þessu öllu virtu er það því áliti kærunefndarinnar að umþrætt bifreið geti ekki talist vera haldin haldin galla í skilningi 1. mgr. 17. gr. laganna, þ.e. að hún sé í verra ástandi en álitsbeiðandi mátti ætla miðað við kaupverð og atvik að örðu leyti og verður því að hafna kröfum álitsbeiðanda.

## IX

### Álitsorð

Kröfum álitsbeiðanda, X, er hafnað.

---

Pétur Örn Sverrisson  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir